



Hátíðar – Háteigur



14. árgangur 5. tbl.

7. maí 2010

☀ **VORHÁTÍÐ 8. MAÍ KL. 12:00 – 14:30** ☀

<http://www.hateigsskoli.is>

Vorhátíð Háteigsskóla 8. maí

Í þessu blaði verður reynt að telja upp það helsta sem verður á dagskrá vorhátíðar næstkomandi laugardag.

Skrúðganga

Vorhátíðin hefst með skruðgöngu kl. 12:00 og verður lagt af stað frá bílastæðinu sem er á milli skólans og íþróttahússins. Genginn verður venjulegur hringur – Bólstaðarhlíðina, Stakkahlíð og Háteigsveg.

Veiðihorn

Nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra ætla að sjá um veiðihorn og höfum við frétt að enginn fari tómhentur þaðan.

Atriði í hátíðarsal

Tónlistar- og leiklistaratriði verða í sal skólans. Þar koma væntanlega fram nemendur úr 5., 6. og 7. bekk og hljómsveitin GÁVA úr 9. bekk. Dagskráin hefst þar kl. 13:30.

Frá Ólafsdögum

Ýmislegt skemmtilegt verður til sýnis frá nemendum á Ólafsdögum. Má þar nefna gjósandi eldfjöll, stórt myndverk tengt veðri, spil, skjólgóður regnfatnaður og mælitæki til að mæla veður. Flest verður til sýnis á langa gangi fyrir framan skrifstofu, en nokkur plaköt verða líka til sýnis í sal.

Á sal verður líka til sýnis gríðarstórt dropaverk sem var unnið í anda bandaríska listamannsins Pollock og tvö blá myndverk í gluggum í forstofu sýna lífríkið í vatninu.

Eitt af því sem yngri nemendur fengust við á Ólafsdögum var að blása sápukulur. Af skiljanlegum ástæðum getum við ekki sýnt þær, en bjóðum hér upp á uppskriftina að dásamlegu sápukúluvatni:

1 l vatn, ½ dl Fairy uppþvottalögur (langbestur), 1 msk. glyserin (fæst ódýrast í Lyfjaveri). Hellið einum lítra af vatni í skál eða fötu, blandið síðan uppþvottaleginum og glyseroli varleg sama við. Varist að mynda froðu.

Andlitsmálun

7. bekkingar ætla að bjóða upp á andlitsmálun sem hefur alltaf verið ákaflega vinsæl. Það verður gaman að sjá hvaða verur birtast þar.

Skapandi unglíngastigi

Á efstu hæð hjá unglíngastigi eru gríðarfalleg og hugmyndaþrik plaköt unnin í dónsku og samfélagsfræði. Endilega skoðið þessa fyrirmyndarvinnu!

Kökubasar

6. bekkingar og foreldrar þeirra ætla að sjá um kökubasar í fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Örugglega margt gómsætt þar.

Fjarstýrðir bílar


Við höfum heyrt að það standi til að bjóða upp á prautabraut úti fyrir fjarstýrða torfærubíla. Mætið því með bílana ykkar!

Vatns-ljóð

Í stofu A-202 verða sýnd ljóð sem nemendur 1. – 7. bekkjar bjuggu til á Ólafsdögum. Ljóðin settu þeir upp í PowerPoint, þannig að þau eru tilbúin til sýningar. Lesið og njótið!

Hversu fær ert þú á hjóli?

Við hvetjum alla til þess að taka með sér hjólin á vorhátíðina og láta ástandsskoða þau auk þess að taka þátt í skemmtilegum hjólaþrautum. Dr. Bæk frá Hjólafærni mun mæta á svæðið og gefa límmiða eftir skoðun. Gaman væri að sjá foreldra og börn þeirra takast á í einhverri af hjólaþrautumunum.



Stuttmyndir og spil frá unglíngastigi í stofu B-304

Í íslenskustofu (304) á efstu hæð unglíngastigsins verða nokkrar stuttmyndir sýndar. Myndirnar eru bæði frá verkhring af unglíngastigi og nýliðnum Ólafsdögum.

Útileikir

2. bekkingar og foreldrar þeirra ætla að stýra skemmtilegum útileikjum. Kannski verður hægt að læra eitthvað nýtt?

Kaffihús 10. bekkinga

Hjá glerskalanum við eldhúsið verða 10. bekkingar með kaffihús. Þar verður hægt að kaupa sér dýrindis tertur og annað gómsætt. Allur ágóði fer í ferðasjóð 10. bekkinga.

Myndir og plaköt

Í forstofu skólans eru gullfallegar fuglamyndir frá 1. bekk og á ganginum á efstu hæð hjá 7. bekk eru falleg plaköt sem voru unnin í náttúrufræði. Þar eru líka flott líkón af eldfjöllum sem þau hafa verið að vinna hjá Sigríði Jónu, myndmennta-kennara.

8 metra hár klifurveggur?


Heyrst hefur að skátarnir ætli að mæta á vorhátíðina með átta metra háan klifurvegg þar sem allir fá að spreyta sig.

Vorhátíð Háteigsskóla


8. maí 2010

klukkan 12:00-14:30

Hátíðin hefst á skrudgöngu klukkan 12:00. Lagt verður af stað frá bílastæðinu ofan við skólann (á milli skólans og íþróttahússins).



Kaffihús



Hjólabraut

Andlitsmálun

Pylsusala

Fjarstýrðir bílar

Kökubasar

Allir velkomnir

Candyflos

Ömmur, afar, frændur, frænkur.....



Nemendur sem hefja skólagöngu í 1. bekk í haust eru sérstaklega velkomnir.